

Skólaráðsfundur 27. janúar 2026 kl. 8:10

Mætt: Sigrún Valdimarsdóttir skólastjóri, Ingunn Jónsdóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara, Hrafnkatla Ýma Helgadóttir og Skorri Ísleifur Friðriksson fulltrúar nemenda, Kári Ólafsson Vestfjörð og Þórleif Kristín Hauksdóttir fulltrúar foreldra.

1. Skóladagatal 2026 – 2027

Skipulagsdagar og foreldraviðtöl samræmd með Barnaskóla Kársness

Ekki fengist svar frá menntasviði varðandi tvöfaldan dag (góðgerðardagur).

Skólaráð samþykkir skóladagatal (fyrirvari um foreldraviðtalsdag í október, hvort honum seinki um viku og eins fyrirvari varðandi tvöfaldan dag)

2. Skólastjórn 2026 – 2027

Björg Baldursdóttir skólastjóri kemur úr námsleyfi og Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri fer í námsleyfi það skólaár. Engar ákvarðanir hafa verið teknar un afleysingu fyrir hana.

3. Skólaárið hefur farið vel af stað, ”hátt til lofts” og vítt til veggja og lítið um breytingar, aðrir en að 7.b fylgir stundaskrá elsta stigs og er komið meira í faggreinakennslu en verið hefur og fær meira val. Þetta er í takt við það sem stefnt var að þetta skólaár.

Skólastjóri byrjaður að ræða við einstaka kennara og kennarateymi um næsta skólaár, s.s. stundaskrá og hugmyndafræði þess sem byrjað var að vinna með þetta skólaár.

Áfram unnið með leiðsagnarnám og innleiðingu endurskoðaðrar aðalnámskrár.

4. Starfsmannamál

Töluvert um lengri veikindi ákveðins starfsmannahóps og hefur gengið misvel að manna þær stöður.

5. Morgunspjall með stjórnendum

Í byrjun febrúar verður foreldrum boðið í morgunspjall með stjórnendum, einn til tveir árgangar saman. Ekkert fyrirfram ákveðið umræðuefni, má ræða allt sem viðkemur skólastarfinu nema persónuleg málefni.

6. Skólakór Kársness 50 ára

Hátíð laugardaginn 7. mars í Salnum.

Önnur stór verkefni kórsins er ferð til Brussel og Luxemburg mánaðarmótin apr/mai, kóramót hér í maí og svo verkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands einnig í maí.

7. Önnur mál

Styrkur frá foreldrafélagi fyrir kaup á spilum.

Staða á símamálum, verið er að vinna sáttmála um símalausa skóla.

Fundi slitið 8:45, fundarritari Sigrún Valdimars